

## *Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum*

**Skólanefnd Framhaldsskóla – 138. fundur 10. júní 2014, kl 12:10.**

Mætt: Kári Bjarnason formaður, Jórunn Einarsdóttir varaform., Margrét Lilja Magnúsdóttir, Sigurlaug Björk Böðvarsdóttir, Gunnar Friðfinnsson og Ólafur H. Sigurjónsson skólam.

**Formaður setti fund og fundargerð síðasta fundar var kynnt og samþykkt.**

### **Dagskrá:**

- 1) Yfirlit um starfið frá síðasta fundi.
- 2) Ráðningar kennara og breytingar á skólastjórn.
- 3) Önnur mál.

### **Yfirlit um starfið á vorönn 2014:**

Fundarmenn fengu allir eintak af starfsskýrslu skólans fyrir vorönnina, sem Helga Kristín aðstoðarskólameistari flutti í annarlok. Líflegar og jákvæðar umræður urðu um þessa ýtarlegu skýrslu. Sérstaklega voru fundarmenn ánægðir með þau góðu áhrif á skólabraginn, sem markvissar forvarnir og starfið í íþróttakaðíunni hafa skilað. Til dæmis eru okkar nemendur að koma mjög vel út í könnunum, þeir skora næst lægt í öllum framhaldsskólum þegar spurt er um ölvun síðustu 30 daga. Starfsskýrslan fylgir hér með.

### **Ráðningar kennara og breytingar á skólastjórn.**

Auglýst var eftir kennurum í lok vorannar í félagsgreinum (félagsfræði og kynjafræði), raungreinar (líffræði og efnafræði), verklega vélstjórn, rafmagnsfræði og sérgreinum sjúkraliða. **Gísli Eiríks** ráðinn í vélstj. og rafm. og **Guðný Bjarnad.** ráðin í sjúkraliðagrein. Sjö umsækjendur voru um félagsgreinarnar: **Thelma B. Gísladóttir** var ráðin.

Þrír umsækjendur voru um raungreinarnar: **Radinka Hadzic** var ráðin.

Listi yfir umsækjendur fylgir hér með.

Undirritaður skólameistari til 30 ára, upplýsti að hann færi í veikindaleyfi næsta vetur og myndi síðan hætta, Helga Kristín Kolbeins tekur við 1. ágúst 2014 til eins árs. Helga og Björgvin Eyjólfsson hafa verið aðstoðarstjórnendur í 77% starfi, en þegar Helga tekur við, þá fer Björgvin einnig í fullt starf aðstoðarskólameistara og engin verður ráðin í áfangastjóran.

### **Önnur mál.**

Kári Bjarnason bar upp tillögu um að fjölga fundum í skólanefndinni í 3 til 4 á önn og taka aftur upp greiðslur fyrir fundasetur.

Skólameistari tók undir þessa tilögu. Það að hætta að borga fyrir fundi var samþykkt í nefndinni þegar hrunið skerti fjárframlög til skólans og átti að vera tímabundið.

Tillagan var svo samþykkt samhljóða.

Fleira var ekki gert.

Ólafur H. Sigurjónsson skólam.

